

Alþingi
Erindi nr. P 138/948
komudagur 22. 1. 2010

Endurskoðendaráð

Alþingi
Viðskiptanefnd
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. janúar 2010

Efni: Umsögn Endurskoðendaráðs um frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi - 229. mál, þskj. 254.

Endurskoðendaráð starfar skv. lögum um endurskoðendum, nr. 79/2008 og skal m.a. veita stjórnvöldum í té umsagnir varðandi efni á sviði endurskoðunar. Óskar endurskoðendaráð eftir því að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum vegna frumvarps til laga um váttryggingastarfsemi (229. mál, þskj. 254) sem lagt hefur verið fram á Alþingi.

Í 4. mgr. 56. gr. frumvarpsins er kveðið á um að ekki sé heimilt að kjósa sama endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki oftar en fimm ár í röð.

Eins og fram kemur í athugasemdum við greinina í frumvarpinu er fjallað um starfstíma endurskoðenda hjá svonefndum einingum tengdum almannahagsmunum í 20. gr. laga um endurskoðendur nr 79/2008. Í því ákvæði er sérstaklega mælt fyrir um að starfstími sama endurskoðanda hjá slíkum aðila megi ekki vera umfram sjö ár en að hann megi veita viðkomandi þjónustu á ný eftir tvö ár. Í þessu frumvarpi er gengið lengra; bæði er tíminn stytur niður í fimm ár og eins tekur takmörkunin jafnt til endurskoðenda og endurskoðunarfyrtækja.

Þá hefur einnig verið lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, 343 mál þskj. 614, þar sem er lagt til í 43. gr. þess breyting á 2. mgr. 90. gr. laganna þannig að fjármálafyrirtækjum verði óheimilt að kjósa sama endurskoðunarfyrtæki oftar en fimm ár í röð.

Í 7. tölul. 1. gr. fyrirnefndra laga um endurskoðendur er „*eining tengd almannahagsmunum*“ skilgreind sem

- a. Lögaðili sem er með skráð lögheimli á Íslandi og hefur verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði
- b. Lífeyrissjóður sem hefur fullgilt starfsleyfi.
- c. Lánastofnun eins og hún er skilgreind í lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki og
- d. Félag sem hefur starfsleyfi til að reka váttryggingastarfsemi hér á landi.

Endurskoðunarráð telur að hér sé um að ræða stefnubreytingu frá nýsettum lögum um endurskoðendur þar sem gerðar voru auknar kröfur til endurskoðunar tiltekinna aðila sem


endurskodendarad@fjr.stjr.is
Reykjavíkurvegi 62
220 Hafnarfirði

skilgreindir eru sem eining tengd almannahagsmunum. Þetta leiði til tvenns konar sérreglna um kosningu og starfstíma endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja hjá einingum tengdum almannahagsmunum og geri framangreindar kröfur til slíkra aðila í lögum um endurskoðendur ómarkvissar, auk þess sem slíkt er til þess fallið að valda misskilningi. Til að koma í veg fyrir slíkt þyrfti að vera samræmi á milli þessarar laga og færi því betur á að vera með tilvísun í lögum um váttryggingastarfssemi til sérákvæða laga um endurskoðendur þar sem þar að auki kæmi fram með skýrum hætti að váttryggingafélög teljist vera einingar tengdar almannahagsmunum.

Þess ber að geta að ákvæðið um sjö ára regluna í lögum 79/2008 er í samræmi 2. tölul. 42. gr. 8. félagatilskipunarinnar, sem lögum um endurskoðendur er ætlað að koma til framkvæmda. Í nefndu ákvæði tilskipunarinnar greinir að tryggt skuli að hjá einingum tengdum almannahagsmunum sé skipt um aðalendurskoðanda- eða endurskoðendur sem bera ábyrgð á framkvæmd lögboðinnar endurskoðunar innan sjö ára að hámarki frá tilnefningu þeirra og að þeim sé ekki heimilt að taka aftur þátt í endurskoðun aðilans fyrir en að a.m.k. tveimur árum liðnum.

Endurskoðunarráð leggur því til að ofangreint ákvæði frumvarpsins verði skoðað betur í tengslum við nýsett lög um endurskoðendur og hvort efni séu til að endurskoða starfstíma endurskoðenda hjá öllum „*einingum tengdum almannahagsmunum*“ ef hann telst of langur í gildandi lögum og breyta þeim lögum.

f.h. endurskoðendaráðs



Bjarnveig Eiríksdóttir

formaður